

**Stjórn málaályktun 46.
sambandsþings SUS**

September 2021

Allsherjar- og menntamál

Menntamál

Öflugt menntakerfi er grundvöllur hagsældar íslensks samfélags og því brýnt að tryggja öllum jöfn tækifæri til menntunar. Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS) leggur áherslu á að auka samvinnu hins opinbera við einkaaðila með sjálfstætt starfandi skólum. Tryggja þarf að fé fylgi hverjum nemenda, óháð rekstrarformi þess skóla sem að hann sækir - þetta gildir á öllum skólastigum.

Aðlaga þarf skólakerfið betur að þörfum hvers nemenda svo að allir geti blómstrað á eigin forsendum. Styðja þarf betur við nemendur með erlent móðurmál auk nemenda með námsörðugleika.

Ráðast þarf í verulegar umbætur á launakerfi kennara. Í stað miðlægra kjarasamninga vill SUS að skólastjórnendum sé veitt meira svigrúm til að semja við starfsmenn sína á einstaklingsgrundvelli. Slíkt kerfi er betur til þess fallið að skapa hvata til nýsköpunar í kennsluháttum.

Skólastarf

Brúa þarf betur bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með því að tryggja öllum börnum leikskólapláss eða annað úrræði að fæðingarorlofi loknu. Auk þess þarf að tryggja sveigjanlegri opnunartíma leikskóla, það hefur sýnt sig að skertir opnunartímar bitna helst á fólki í vaktavinnu, vinnandi mæðrum og fólki erlendum uppruna sem er með lítið bakland.

Skoða ætti að stytta grunnskólann í níu ár, í stað tíu, þannig að ungmenni útskrifist að jafnaði úr framhaldsskóla 18 ára. Það er til þess fallið að auka samkeppnishæfni ungmenna og hækka ævitekjur landsmanna. Stytting framhaldsskóla úr fjórum árum í þrjú var stórt framfara skref í þá átt.

Mæta þarf vaxandi þörfum atvinnulífsins fyrir iðn- og tæknimenntað starfsfólk með því að leggja aukna áherslu á list- og verkgreinar í grunnskólum landsins. Samhliða því þarf að auka valfrelsi nemenda til að fá að sinna betur sínu áhugasviði í list- og verkgreinum.

Tryggja þarf að ungmenni sem útskrifast úr grunnskóla geti lesið sér til gagns. Þá þarf sérstaklega að huga að nemendum með erlent móðurmál og drengjum sem, samkvæmt rannsóknum og alþjóðlegum samanburði, standa höllum fæti í þeim efnum.

Uppfæra og nútímavæða þarf aðalnámskrá í grunnskólum. Brýnt er að innleiða kynfræðslu, hinseginfræðslu, forritunarkennslu, fjármálalæsi og kennslu í gagnrýnni hugsun og rökhusun í aðalnámskrá.

Háskólar og vísindastarf

Skoða ætti háskólastigið í heild og kanna hvar tækifæri eru til aukins einkarekstrar, samstarfs og sameiningar, nemendum og vísindum til heilla. Brúa þarf betur bilið milli háskólans og atvinnulífsins með raunhæfari verkefnum og möguleikum á starfsnámi. Nýta á þá reynslu sem að hefur skapast síðustu mánuði til þess að efla stafræna kennslu enn betur, fólk á að geta menntað sig óháð búsetu, fjölskylduáðstæðum, fjárhag eða vinnu. Efla þarf rannsóknar- og þróunarstarf á vegum háskólans.

Halda á áfram umbótum á menntasjóði námsmanna. Skoða ætti að gera sjóðinn aðgengilegan öllum námsmönnum sem náð hafa 18 ára aldri, óháð skólastigi, þannig að nemendur á framhaldsskólastigi geti einnig nýtt sjóðinn. Brúa þarf betur bilið sem hefur skapast milli sumarsins og haust - og vormisseris til að tryggja betur fjárhagslegt öryggi stúdenta.

Endurskoða þarf frítekjumarkið og skerðinguna sem að á sér stað er tekjur fara umfram frítekjumarkið.

Fjölmiðlar, menning og íþróttastarf

Endurskoða þarf stöðu RÚV sem ríkisrekinn fjölmiðill. Fyrsta skref er að taka RÚV af auglýsingamarkaði og í kjölfarið ráðast í aðgerðir með það að markmiði að gera RÚV að sjálfstæðum fjölmiðli án ríkisstuðnings. Rekstur ríkisins á fjölmiðlum má ekki hamla frjálsri samkeppni og raska rekstrargrundvelli annarra fjölmiðla.

Heimila á auglýsingar á áfengis- og tóbaksvörum auk veðmálastarfsemi. Nú þegar eru auglýsingar fyrir léttöl heimilaðar og því telst óeðlilegt að ekki sé heimilt að auglýsa hefðbundið áfengi. Að auki eru auglýsingar á áfengi heimilaðar á erlendum miðlum. Ungir sjálfstæðismenn vilja heimila íslenskar veðmálasíður. Með því að heimila ofangreind atriði þá er jafnræði á þessum tveimur mörkuðum tryggt og auglýsinga- og skatttekjur koma inn í landið.

Tryggja þarf áframhaldandi grósku í íslensku menningarlífi um allt land og hlúa vel að skapandi greinum, eins og kvikmyndagerð, sem fela í sér mikil tækifæri.

Viðhalda þarf öflugu íþróttastarfi í landinu og áframhaldandi hvatningu ungmenna til þátttöku í íþrótt- og tómsundastarfi enda hefur slíkt starf mikið forvarnargildi. Bæta þarf umhverfi afreksíþróttafólks í öllum greinum.

Dóms - og löggæslumál

Rekstur dómstóla er eitt af grunnhlutverkum hins opinbera. Nauðsynlegt er að einstaklingar geti fengið úrlausn ágreiningsmála sinna fyrir hlutlausum dómstólum. Málarekstur fyrir dómstólum getur valdið fólki óhóflegum kostnaði miðað við fjárhag þess og gert það letjandi fyrir þá sem standa verr fjárhagslega að leita réttar síns. Dæmdur málskostnaður þarf að taka mið af raunkostnaði, enda mikilvægt að einstaklingar hafi jöfn tækifæri til að reka mál sín fyrir dómstólum óháð fjárhag. Huga ætti að því að auka skilvirkni einkamála í dómsskerfinu.

Löggæsla er grunnskylda hins opinbera. Öryggi og réttindi einstaklinganna byggja á því að sterk löggæsla sé starfandi. Heimildir lögreglu til að hefja rannsókn verða að byggja á rökstuddum grun um refsiverða háttsemi. Þetta kemur í veg fyrir að brotið sé á stjórnarskrárbundnum rétti til friðhelgi einkalífs og öðrum mannréttindum.

Veruleg ógn stafar skipulagðri glæpastarfsemi. Auka þarf þjálfun og þekkingu í kringum skipulagða glæpastarfsemi til að sporna gegn slíkri starfsemi

Fíkniefnaneysla er heilbrigðismál en ekki löggæslumál. Neysla fíkniefna og varsla neysluskammta ætti ekki að vera refsiverð. Einnig ætti að endurskoða refsistefnu í kringum burðardýr þar sem að oftast en ekki eru einstaklingarnir í bágri stöðu og þurfa á aðstoð frekar en refsingu að halda.

Innflytjendur

Stytta og einfalda þarf alla ferla og kerfi er varða umsækjendur um alþjóðlega vernd, auk þess skal ávallt hafa mannúðarsjónarmið að leiðarljósi við meðhöndlun slíkra mála. Auðvelda ætti fólki utan EES að koma hingað og starfa.

Jafnrétti, mannréttindi og trúarmál

Öll ættu að búa við jöfn tækifæri óháð kynferði, kynhneigð, uppruna, trú eða öðrum þáttum. fjölbreytni þrífst best í frjálsu samfélagi.

Klára ætti að fullu aðskilnað ríkis og kirkju. Ríkið á að hætta innheimtu félagsgjalda trúfélaga.

SUS fagnar áformum um að leyfa blóðgjöf óháð kynhneigð og vonar að sú breyting nái fram að ganga.

Lækka á áfengisaldurinn þannig að hann miði við 18 ára aldur. Einstaklingur sem er 18 ára telst lögum skv. lögráða og því óeðlilegt að hann megi ekki versla áfengi sjálfur.

Umhverfis- og samgöngumál

Samgöngur

Samgöngur eru lífæð samfélagsins og hafa áhrif á hvern einasta landsmann. Mikilvægt er að ráðast í alvöru úrbætur í samgöngum með auknum framkvæmdum. Í slíkum framkvæmdum er nauðsynlegt að nýta fjölbreytta fjármögnun og fara samstarf við einkaaðila með svokallaðri PPP (e. Public and Private Partnership) leið. Með samstarfi hins opinbera og einkaaðila er hægt að ráðast í fleiri innviðaverkefni enn ella og stuðla í leiðinni að fjölgun starfa og auknum hagvexti.

Vegna yfirvofandi orkuskipta í samgöngum þarf að endurhugsa fjármögnun kerfisins upp á nýtt, í því samhengi er hægt að skoða veggjöld sem fýsilegan kost. Heimila skal framkvæmdaraðilum að innheimta vegtolla en gæta skal hófs í verðlagningu og tryggja þarf jafnræði milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins.

Orkuskipti eru nauðsynleg til að standast kröfur um minni losun gróðurhúsalofttegunda. Tryggja þarf hvata fyrir einstaklinga og fyrirtæki til að stuðla að orkuskiptum í samgöngum. Hið opinbera á að beita hvötum í formi skattaafsláttar til að stuðla að orkuskiptum í stað hærri skatta, boða og banna. Gera þarf niðurfellingu á virðisaukaskatti vegna umhverfisvænna ökutækja ótímabundna og hækka þarf hámarkið sem slík niðurfelling takmarkast við.

Setja þarf Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins í forgang og tryggja frelsi einstaklingsins til að velja samgöngumáta og á enginn einn samgöngumáti að þrengja að öðrum.

Reykjavíkflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið og er því brýnt að hann verði óskertur í Vatnsmýri þar til annar jafn góður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.

Raforka og fjarskipti

Ísland býr yfir gífurlegu magni af umhverfisvænum orkugjöfum, s.s. vatnsafl, jarðvarma og vindorku. Flýta þarf uppbyggingu innviða til að tryggja óhindraða dreifingu á orku milli landshluta og til nýtingaraðila. Ráðast þarf í innviðauppbyggingu við t.d. hafnir og flugvelli og tryggja nægt framboð af rafmagni. Einfalda þarf regluverk og koma í veg fyrir að einstaka aðilar geti hindrað uppbyggingu á mikilvægum grunninnviðum, s.s. raforkudreifikerfi. SUS fagnar frábærum árangri í ljósleiðaravæðingu á Íslandi. Afhendingaröryggi raforku á landsbyggðinni þarf að tryggja sem fyrst.

Stuðla þarf að heilbrigðri samkeppni á raforkumarkaði og fella skal niður flutningsgjald af raforku í þeim tilvikum þar sem unnt er að tengja starfsemi beint við virkjanir.

Loftslagsmál

Loftslagsmál eru eitt af mest aðkallandi málefnum 21. aldarinnar. Ísland er í kjörstöðu til að vera leiðandi í loftslagsmálum á heimsvísu, einkum vegna staðsetningar, náttúruúmyndar og grunninnviða. Nýsköpun og einkaframtakið eru forsendur þess að stjórnvöld geti náð þeim metnaðarfullu markmiðum sem þau hefur sett sér. Minnka þarf skrifræði og auka skilvirkni í styrkjaumhverfi á sviði nýsköpunar.

Ísland á að vera miðpunktur nýsköpunar í umhverfismálum og laða að sér alþjóðleg fyrirtæki, fjárfesta og frumkvöðla sem starfa á þessum vettvangi.

Stærstu einstöku aðgerðirnar til að binda gróðurhúsalofttegundir eru uppgræðsla á votlendi og jarðvegsbinding. Hið opinbera þarf að stuðla að frekari hvötum fyrir slíkum aðgerðum og efla samstarf við landeigendur. Ráðast verður strax í átak að efla skógrækt og grisja þá skóga sem fyrir eru.

Veita þarf skattalega hvata fyrir grænum lánnum og grænum skuldabréfum. Taka þarf sérstakt tillit til umhverfissvænna fjárfestinga í útreikningi á veiðigjaldi.

Hringrásarhagkerfið

Ísland á að vera sjálfbært með sínu hringrásarhagkerfi. Til að mynda þegar kemur að endurnýtingu og endurvinnslu. Efla þarf innviði og tryggja þarf aðkomu einkaaðila að slíkum verkefnum, til dæmis með PPP (e. Public and Private Partnership) fyrirkomulagi.

Endurskoða þarf ramma og verðskrá Úrvinnslusjóðs m.t.t. fjárhagslegra hvata til að minnka kolefnisspor og styrkja innlenda virðiskeðju. Mikilvægt er að samræma merkingar fyrir flokkun, söfnun úrgangs og endurvinnslu til að gera framkvæmdina skýrari og einfaldari milli sveitarfélaga og landshluta.

Innleiða þarf hagræna hvata fyrir matargjafir og létta á óþarflega umfangsmiklu regluverki um matvæli til að minnka sóun.

Náttúruvernd

Einstaklingum er best treystandi til að framfylgja sjálfbærri nýtingu auðlinda. Virða ber eignar- og nýtingarrétt einstaklinga á lögvernduðum auðlindum og ekki skal gripið til eignarnáms eða skerðingar á slíkum réttindum einstaklinga.

SUS lýsir yfir andstöðu við stofnun Hálandisþjóðgarðs í núverandi framsetningu. Ákvörðun um stofnun hálandisþjóðgarðs þarf að vera gerð í góðri samvinnu allra hagsmunaaðila, einkum sveitarfélaga. Kostnaðar- og rekstraráætlun verður að liggja fyrir við stofnun þjóðgarðs. Tryggja verður ferðafrelsi einstaklinga um hálendið. Stíga verður varlega til jarðar þegar vænlegir virkjunarkostir og flutningsleiðir fyrir raforku eru friðlýst, enda framboð af rafmagni forsenda orkuskipta.

Covid-19

Lagalegur grundvöllur aðgerða

Ógn gegn almannaeiðil er forsenda fyrir heimild stjórnvalda til að grípa til sóttvarnatakmarkana sem skerða stjórnarskrárvárin réttindi almennings. Framan af faraldri var óumdeilt að veirufaraldurinn ógnaði almannaeiðil, en nú þegar nær öll þjóðin er fullbólusett er mikilvægt að ákvarðanir taki mið af breyttri stöðu, enda veitir bólusetning yfir 90% vörn gegn alvarlegum veikindum af Delta afbrigði veirunnar auk þess að draga verulega úr smithættu, samkvæmt gögnum Landlæknisebættisins á Englandi.

Heilbrigðiskerfið

Nýjasta smitbylgjan hefur sýnt að flest þau sem smitast af veirunni reynast einkennalaus eða nær einkennalaus. Flöskuhálsinn liggur í fáum gjörgæsluplássum á Landspítala fyrir þá fáu sem veikjast alvarlega. Að mati SUS er varhugavert að nær fullbólusett þjóð þurfi nú að búa við frelsisskerðandi takmarkanir vegna þess að heilbrigðisyfirvöld létu hjá líða að fjölga gjörgæsluplássum. Þess má geta að Karólínska sjúkrahúsið í Svíþjóð fimmfaldaði gjörgæslupláss sín á þremur vikum í upphafi faraldurs. Hefðu íslensk heilbrigðisyfirvöld sýnt sömu fyrirhyggju væru þær takmarkanir sem þjóðin býr við nú varla þarfar.

Það hefur lengi verið baráttumál Sjálfstæðisflokksins að auka samvinnu hins opinbera við einkaaðila í heilbrigðismálum með það fyrir augum að efla þjónustu til almennings. Það er fagnaðarefni að heilbrigðisráðherra hafi loks séð ljósið og gengið til samninga við einkaaðila í því skyni að efla gjörgæsluþjónustu á þessum viðsjárverðu tímum. Það hefði þó þurft að gerast mun fyrr, auk þess sem betur má ef duga skal. Það er trú SUS að fjárfesting í öflugri gjörgæslu mun skila sér margfalt til baka, enda fylgir sóttvarnatakmarkunum mikill samfélagslegur kostnaður sem forðast má ef afkastageta er aukin þannig að spítalinn ráði við faraldur í bólusettu samfélagi án takmarkana.

SUS hugnast ekki hugmyndir um sérstaka sóttvarnastofnun. Ísland hefur náð einstökum árangri í viðureigninni við veiruna, svo eftir hefur verið tekið á heimsvísu, án slíkrar stofnunar. Fjármunum sem færu í slíka stofnun væri betur varið á öðrum sviðum heilbrigðiskerfisins.

Upplýsingagjöf til almennings

Upplýsingagjöf í faraldrinum hefur verið afar einsleit og einkum snúið að smitum og veikindum af völdum veirunnar, á meðan upplýsingagjöf um aðrar lýðheilsubreytur sem takmarkanir hafa áhrif á hefur verið ábótavant.

Viðkvæmir hópar, börn og ungmenni

Mikilvægt er að miða aðgerðir að því að vernda viðkvæma hópa án þess að aðgerðirnar skerði stjórnarskrárvárin réttindi almennings. Huga þarf að því að takmarkanir bitni ekki á öðrum viðkvæmum hópum, til dæmis börnum og ungu fólki. SUS hefur miklar áhyggjur af andlegri heilsu, félagsmótun og námsframvindu barna og ungmenna. Þessi hópur ber almennt því sem næst enga heilsufarslega áhættu af veirusmiti en hefur fært mestu fórnirnar. Afleiðingar sóttvarnatakmarkana á framtíð þeirra eiga margar hverjar eftir að koma í ljós síðar meir og sumar eru þegar farnar að sýna sig, samanber 80% aukningu í innlögnum á BUGL á síðasta ári.

Í þessu skyni ætti að vera forgangsmál að falla frá því fyrirkomulagi að senda börn og ungmenni undir 18 ára aldri í sóttkví, enda hefur það sýnt sig nú þegar að fyrirkomulagið raskar skólahaldi þeirra verulega, tómstundum og félagslífi, auk þess að bitna illa á atvinnulífni. Leggja ætti

áherslu á einstaklingsbundnar sóttvarnir og að einstaklingum sé treyst til þess að nálgast frelsi af ábyrgð.

Heilbrigðismál

Aukin aðkoma einkareksturs

Í heilbrigðiskerfinu er almennt fjallað um þrjár tegundir rekstrarforma: opinber rekstur, einkarekstur og einkavæðing. Öll þessi rekstrarform eru mikilvægur partur af heildarmynd íslenska heilbrigðiskerfisins. Skerpa verður betur á þessum atriðum með það að markmiði að auka hagkvæmni og skilvirkni á sama tíma og dregið er úr sóun.

Ómögulegt er fyrir hið opinbera að veita alla heilbrigðisþjónustu landsins og á því ríkið ekki að leitast eftir því að taka að sér aukið hlutverk í heilbrigðisþjónustu á kostnað einkareksturs. Uppfylli einkaaðilar þau skilyrði sem gerð eru til reksturs heilbrigðisstofnana á ríkið ekki, undir neinum kringumstæðum, að leggja stein í götu þeirra fyrirtækja eða góðgerðarsamtaka sem kæmi í veg fyrir að þau geti hafið þjónustu.

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu mun stuðla að samkeppni sem eykur bæði skilvirkni og gæði þeirrar þjónustu sem sjúklingurinn fær. Jafnframt verður nýsköpun meiri.

Allir skulu vera þjónustutryggðir

Setja þarf aukinn kraft í Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) þannig að SÍ sé heimilt að semja við sem flesta einkarekna þjónustuaðila í heilbrigðiskerfinu. Horfa má til Norðurlandanna sem fyrirmynd í þessum efnum, sérstaklega þegar kemur að heilsugæslum.

Fé fylgir hverjum einstakling þannig að ríkið skuli greiða jafn mikið með hverjum og einum, óháð því hvert rekstrarform þeirrar stofnunnar er sem viðkomandi velur. Aukið valfrelsi mun skapa tækifæri fyrir ný fyrirtæki í heilbrigðisgeiranum.

Rétt forgangsröðun

Forgangsráða þarf þeirri heilbrigðisþjónustu sem veitt er á Landspítalanum. Leitast skal eftir að útvista einfaldari og valkvæðum aðgerðum af Landspítalanum til þess að auka gæði og skilvirkni spítalans. Efla ber heimahjúkrun fyrir þá sem geta. Heimahjúkrun er bæði þægilegri fyrir einstaklinginn og ódýrari í kostnaði en á sama tíma myndi þetta losa um fjölda sjúkrahúsrýma fyrir þá sem þurfa frekar á innlögn að halda.

Taka skal upp fjármögnunarkerfi þar sem hvati er til staðar til þess að auka framleiðni, gæði og þjónustu. Einnig þarf að einfalda regluverk svo fleiri geti veitt heilbrigðisþjónustu, óháð staðsetningu, að öllum gæðaskilyrðum uppfylltum.

Setja þarf stjórn yfir Landspítalann til að tryggja að fjármagn fari í það sem máli skiptir og nýtist sem best. Brýnt er að stjórnvöld marki sér heildræna framtíðarstefnu í heilbrigðismálum.

Heilbrigðisþjónusta er líka andleg

Á síðustu árum hefur orðið vitundarvakning á andlegri heilsu og á heilbrigðisþjónusta sem snýr að meðhöndlun andlegra veikinda. Gera þarf Sjúkratryggingum Íslands kleift að semja við sálfræðinga.

SUS vill að bráðamóttaka geðdeildar verði opin allan sólarhringinn, líkt og bráðamóttaka líkamlegra kvilla. Auk þess að skólasálfræðingar verði jafn aðgengilegir og skólahjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar á öllum skólastigum.

Auknar tæknilausnir í sálfræðiþjónustu hafa í för með sér stórt framfaraskref í átt að aukinni geðheilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

Fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónusta

Auka þarf forvarnir gagnvart lífstíflstengdum sjúkdómum með það að markmiði að stuðla að heilbrigðara lífni og koma í veg fyrir alvarleg veikindi síðar, hvort heldur andleg eða líkamleg. Með fyrirbyggjandi heilbrigðisþjónustu fylgir aukinn sparnaður, minna álag og styttri biðlistar.

Allsherjar heilsufarsskoðanir ættu að vera aðgengilegar öllum. Skapa ætti hvata fyrir einstaklinga til að nýta sér slíka þjónustu á fimm ára fresti. Slík aðgerð er til þess fallin að greina sjúkdóma fyrir og þar með auðvelda meðhöndlun sjúkdómsins. Lækka ber aldurstakmörk á krabbameinsskimunum og fjölga þeim eins og kostur er. Endurskoða þarf þá ákvörðun að færa leghálsskimanir frá Krabbameinsfélaginu til heilsugæslunnar.

Aukið valfrelsi í heilbrigðiskerfinu

Samþykki tveggja heilbrigðissérfræðinga á ekki að vera skilyrði fyrir því að geta gengist undir þungunarrof. Sjálfsákvörðunarréttur kvenna á að veða þyngra en samþykki heilbrigðisstarfsmanna. Einnig ætti að leyfa staðgöngumæðrun undir sömu forsendum.

Mikilvægt er að leyfa dánaraðstoð hérlendis líkt og tíðkast víðast annars staðar.

Nútímaleg heilbrigðisþjónusta

Efla þarf stafræna heilbrigðisþjónustu í samræmi við nútímataækni. Vinna þarf markvisst að því að koma snjalllausnum að í heilbrigðiskerfinu, svo sem fjarþjónustu, þegar hún á við. Heilbrigðiskerfið þarf að fylgja tækniþróuninni.

Nútímavæða samskiptakerfi með öllum mögulegum tækninýjungum til að brúa bil sjúklinga og starfsmanna heilbrigðisgeirans. Myndi það auðvelda fyrir sjúklingum og aðstandendum að halda utan um sín mál.

Fíkn er sjúkdómur en ekki glæpur

Aukin vitundarvakning hefur orðið í samfélaginu og eru sífellt fleiri að verða meðvitaðir um að fíkn er sjúkdómur en ekki glæpur og því eiga einstaklingar með sjúkdóminn að vera meðhöndlaðir í samræmi við það. Við eigum að hjálpa fólki en ekki refska því.

Stríðið gegn fíkniefnum er löngu tapað. Við þurfum að leita leiða til að lágmarka skaðann sem hlýst af fíkniefnum. Afglæpavæða ætti því neysluskammta af öllum fíkniefnum sem fyrst. Lögleiða ætti kannabis. Með lögleiðingu kannabiss fylgir betra eftirlit og í fyrsta sinn væri hægt að innheimta skatttekjur af fíkniefnum öðru en áfengi og tóbaki. Við leggjum einnig til að þær skatttekjur sem hljóttast af kannabisi skuli vera eyrnamerkt forvörnum gegn fíkniefnum ásamt eflingu meðferðarúrræða. Einstaklingar með fíknivanda eiga heima í meðferð en ekki í fangaklefa. Vinna ætti að fullri lögleiðingu fíkniefna.

Fjölga þarf meðferðarúrræðum fyrir fólk með fíknivanda.

Málefni aldraðra

Þjóðin er að eldast og fjöldi einstaklinga á ellilífeyrisaldri fer sífellt hækkandi. Bregðast þarf við þessari þróun með því að innleiða nýtt fyrirkomulag ellilífeyris almannatrygginga til að skapa raunhæfa hvata til atvinnu. Endurskoða þarf skipulag þjónustu við aldraða með það að leiðarljósi að auka skilvirkni og bæta heildarþjónustu við eldri borgara. Þá þarf að bæta heimahjúkrun, félags- og tómstundþjónustu, sál-gæslu og heilsueflingu. Til þess þarf aðkomu einkaaðila og félagasamtaka.

Stokka þarf upp lífeyriskerfið með tilliti til hagsmuna eldri borgara samhliða breytingum á almannatryggingakerfinu. Starfslok verði sveigjanlegri og skerðingar heyra sögunni til. Hætta verður að horfa á þetta sem bætur og þess í stað horfa á þetta sem réttindi.

Málefni öryrkja og fatlaðra

Öryrkjar þurfa að sjá hag sinn í því að afla sér aukinna tekna. Gefa þarf þeim öryrkjum, sem geta, ráðgjöf og hvata til vinnu sem tekur mið af starfsgetu hvers og eins. Afnema þarf krónu á móti krónu skerðingu og viðmiðið þarf að miðast við að tryggja lágmarkstekjur til lífsviðurværis án þess að draga úr hvata til sjálfsbjargar

Sporna þarf gegn fjölgun ungra öryrkja til dæmis með því að efla starfsendurhæfingu og beita starfsmati frekar en örorkumati. Vinna þarf markvisst að því að aðstoða fólk sem vill og getur unnið við að koma sér aftur út í atvinnulífið og fækka þar með fólki sem er að þiggja bætur.

Auka ber sjálfstæði fatlaðra einstaklinga og tryggja að allir sem geta hafi val um að stýra sinni þjónustu sjálfir meðal annars með notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA).

Stjórnskipunar- og eftirlitsmál

Stjórnskráin er grundvöllur stjórnskipunar landsins. Þar er auk þess kveðið á um grundvallarréttindi manna sem mega ekki vera vafa undirorpin þegar á reynir, en ákvæði núgildandi stjórnskrár hafa samtvinnast réttarvitund þjóðarinnar í áranna rás og eru mikilvæg undirstaða réttaröryggis. Allar breytingar á núverandi stjórnskrá skal nálgast af yfirvegum og skynsemi. Heildarendurskoðun sem umturnar öllum ákvæðum stjórnskrárinnar samræmist illa sjónarmiðum um réttaröryggi og fyrirsjáanleika. Að sama skapi telur SUS mikilvægt að breytingar á stjórnskrá séu gerðar í víðtækri pólitískri sátt og hafnar því alfarið að tillögur stjórnlagaráðs frá 2012 verði teknar upp og innleiddar í heild sinni.

Aftur á móti fagnar SUS öllum yfirveguðum umræðum um nauðsynlegar breytingar á stjórnskrá. Mikilvægt er að pólitískar stefnuyfirlýsingar rati ekki inn í stjórnskrána, enda er það hlutverk almennra laga að taka mið af pólitísku umhverfi hverju sinni.

Endurskoða þarf hlutverk og stöðu forseta Íslands. Setja þarf embættinu skýrt hlutverk og valdmörk. Landsdómur skal lagður niður og samhliða skal fara fram endurskoðun á ákvæðum um ráðherraábyrgð og eftirlitshlutverk Alþingis skilgreint betur, t.a.m. þarf að gera betur grein fyrir hlutverki stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis.

Rekstur dómstóla er eitt af grunnhlutverkum hins opinbera. Nauðsynlegt er að einstaklingar geti fengið úrlausn ágreiningsmála sinna fyrir hlutlausum dómstólum.

Skipun dómara á að vera í höndum dómsmálaráðherra. Mikilvægt er að sjálfstæði dómstóla sé gætt við skipun dómara, þar sem tekið er tillit til faglegs mats tiltekinna fulltrúa. Þó getur slíkt hæfismat ekki verið of útilokandi, veita þarf ráðherra tiltekið svigrúm við skipun dómara, enda sætir ráðherra pólitískri ábyrgð gagnvart almenningi

Efnahags- og skattamál

Skýr markmið í skattamálum

Skattar eru samkomulag samfélagsins til þess að standa skil af sameiginlegum útgjöldum og því ætti hið opinbera ávallt að nálgast skattlagningu með friðhelgi eignaréttar og jafnræði að leiðarljósi. Skattar ættu í grunninn að vera fáir, lágir og einfaldir fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Allar smáþjóðir ættu að sjá hag sinn í samkeppnishæfu skattaumhverfi, því lífskjör þeirra eru oft háðari alþjóðlegri verslun og viðskiptum. Tilgangur skattkerfisins er að afla ríkinu tekna og því ætti, eftir fremsta megni, að minnka umsvif ríkisvaldsins og þannig draga úr þörfinni á skatttekjum. SUS kallar eftir því að Ísland setji sér markmið um að komast á topp 5 lista International Tax Competitiveness Index. Samband ungra sjálfstæðismanna kallar eftir því að stjórnvöld afnemi alla tolla og láti fjármagnstekjuskatt aðeins leggjast á raunávöxtun.

Sjálfbær ríkisrekstur

Heimsfaraldurinn hefur sannað mikilvægi traustrar efnahagsstefnu og hóflegrar skuldastöðu hins opinbera. Leggja þarf kapp á niðurgreiðslu opinberra skulda svo ríkissjóður geti tekist á við ófyrirséð efnahagsleg áföll í framtíðinni. Ráðast þarf í skýrar aðgerðir til þess að tryggja að ríkissjóður verði rekinn með sjálfbærum hætti á næstu árum. Í þessu skyni ætti ríkið að sameina ríkisstofnanir, selja opinber fyrirtæki og fasteignir sem ekki eru nýttar með hagkvæmum hætti.

Hið opinbera á ekki að vera í samkeppnisrekstri. Leggja þarf áherslu á að minnka umsvif hins opinbera á ýmsum vígstöðum og færa þarf fleiri verkefni til einkaaðila sem geta sinnt þeim með hagkvæmari hætti. Þeim markmiðum er hægt að ná án þess að skerða þjónustu. Til þess að hefja nýtt og farsælt hagvaxtarskeið telur SUS t.d. mikilvægt að stjórnvöld auki samvinnu einka- og opinberra aðila við uppbyggingu innviða.

Hefjast skal handa við sölu ríkisfyrirtækja. Hið opinbera á ekki að vera í samkeppnisrekstri, óháð geirum. SUS fagnar til að mynda vel heppnaðri sölu á hlutum í Íslandsbanka. Færa þarf fleiri verkefni til einkaaðila sem snúa til að mynda að heilbrigðisþjónustu, menntamálum og eftirlitsstarfsemi. Til eru fjölmörg norræn fordæmi. Nýta skal tækifæri í samvinnu einka- og opinberra aðila við uppbyggingu innviða, svo hægt sé að stuðla að frekari hagvexti og atvinnusköpun.

Atvinnumál

Launahækkunarir á Íslandi hafa síendurtekið verið umfram getu atvinnulífsins. Afleiðing þess hefur verið meiri verðbólga, hærra vaxtastig og skert samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja. Til að tryggja sjálfbæra launaþróun skorar SUS á stjórnvöld að taka upp samningalíkan að norrænni fyrirmynd.

Atvinnuvegamál

Sjávarútvegur

Íslenskur sjávarútvegur er sá eini innan OECD sem greiðir sértæka skatta meðan samkeppnisaðilar íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru flestir ríkisstyrktir. Kerfið á Íslandi er bæði sjálfbært og arðbært, sem hefur leitt af sér fjölda afleiddra fyrirtækja í sjávarútvegstengdri starfsemi. Þar að auki skapar greinin lífsviðurværi þúsunda fjölskyldna um land allt. Tryggja þarf að gjaldheimta í sjávarútvegi skilji eftir svigrúm til fjárfestinga, ekki síst grænna fjárfestinga, til að viðhalda samkeppnishæfni og áframhaldandi verðmætasköpun greinarinnar.

SUS fagnar þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja á hlutabréfamarkaði og öðrum aðgerðum sem opna atvinnugreinina almenningi og auka vitund um starfsemi greinarinnar. Þar er fiskeldi engin undantekning, en áframhaldandi vöxtur fiskeldis er mikilvægur fyrir íslenskt efnahagslíf. Þar sem fiskeldi í sjó getur haft áhrif á náttúru og dýralíf, sem og eignarétt annarra aðila, skal einungis ráðist í frekari uppbyggingu í fyllsta samræmi við lög og vísindi.

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er ein af grunnstoðum atvinnulífsins á Íslandi og áframhaldandi uppbygging hennar er mikilvæg fyrir byggðir í landinu. Vöxtur greinarinnar er ekki sjálfsagður og tryggja þarf að regluverk sé sem einfaldast, aðgangshindranir rekstraraðila séu í lágmarki og leyfisskyldur sem fæstar. SUS styður gjaldtöku af hálfu landeigenda og hins opinbera á ferðamannastöðum, en eðlilegt er að þeir sem þá heimsæki greiði fyrir uppbygginguna. Þar sem ferðamannastaðir eru í eigu ríkisins ætti að bjóða út rekstur nauðsynlegrar þjónustu.

Fjármálamarkaðir

Fjármálamarkaðir leika lykilhlutverk í samkeppnishæfni atvinnulífsins. Með aukinni tækni- og alþjóðavæðingu eiga íslenskar fjármálastofnanir undir högg að sækja. Draga þarf úr kostnaði í bankakerfinu með heildarendurskoðun á eiginfjárkröfum íslenskra banka, íþyngjandi skatta og þunglamalegs regluverks, til að bæta kjör einstaklinga og atvinnurekenda. Einnig til að skapa svigrúm fyrir þær fjárfestingar sem nauðsynlegar eru í bankakerfinu á tækniöld. SUS áréttar að það er ekki hlutverk ríkisins að standa í samkeppnisrekstri á bankamarkaði, frekar en í öðrum geirum, og fagnar því að hafist sé handa við að losa um eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka. Mikið fé er bundið í eignarhaldi ríkisins í bankakerfinu sem er betur varið á öðrum stöðum.

Orkumál

Ísland býr yfir gríðarlegum auðlindum í formi umhverfisvænna orkugjafa - vatnsafls, jarðvarma og vindorku - sem eru í senn um fjórðungur útflutningstekna þjóðarbúsins. Ísland ætti hæglega að geta orðið óháð jarðefnaeldsneyti fyrst allra landa og á sama tíma nýtt græna orku til atvinnuuppbyggingar um land allt. Ísland á að stefna að því að vera miðpunktur orkusækisins iðnaðar og laða til sín t.d. gagnaver, hátækni matvælaframleiðslu, rafhlöðuframleiðslu o.fl. með samkeppnishæfu raforkuverði. Til þess þarf aukið framboð raforku og aukna samkeppni á raforkumarkaði. Ísland á sömuleiðis að vera vakandi fyrir tækifærum sem gætu fylgt lagningu sæstrengja til annarra landa og þróun nýrra orkugjafa. Hrinda þarf í framkvæmd framleiðslu á grænu vetni sem hentar til útflutnings.

Landbúnaður og matvælaframleiðsla

Íslenskur landbúnaður á í samkeppni við erlendan ríkisstyrktan landbúnað. Einfalda þarf regluverk fyrir bændur til þess að stuðla að framþróun og nýsköpun í matvælaframleiðslu til

dæmis með því að halda áfram með rýmkun á regluverki á heimaslátrun og vinnslu matvæla. Stefna ber að því að losa landbúnað við fjárstuðning ríkisins eins og hægt er, leggja framleiðslutakmarkanir af og vinna að því að hann geti búið við eðlilega markaðsafkomu. Það er best gert með því að lækka tilkostnað á öllum sviðum framleiðslu. Þá er mikilvægt að áfram sé losað sé um innflutningstakmarkanir á erlendum landbúnaðarafurðum í samráði við bændur.

Nýsköpun

Ísland á allt undir því að nýsköpun nái að blómstra. Nýsköpun verður ekki til án framtakssamra einstaklinga og fjármagns, sem sjá ávinning af áhættunni sem henni fylgir. Hlutverk hins opinbera er að tryggja að hér sé fjármögnunarmhverfi og mannauður sem hvetur til nýsköpunar. SUS fagnar stofnun sprota- og nýsköpunarsjóðsins Kríu en telur að til lengri tíma ætti að stefna að fjármögnunarmhverfi án aðkomu hins opinbera. Þá þarf að auðvelda erlendum sérfræðingum frá öllum heimshornum að setjast hér að og leggja enn meiri áherslu á nýsköpun á öllum stigum í íslensku menntakerfi.

Verslun og þjónusta

Það er allra hagur að á neytendamarkaði ríki samkeppni. Afnema á einokunarsölu ríkisins á áfengi og hömlur á sölu lausasölulyfja. Þá er löngu tímabært að endurskoða fyrirkomulag leyfa til leigubílaaksturs, fjölga þeim til muna og hleypa fleiri rekstraraðilum, á borð við Uber og Lyft, inn á markaðinn.

Byggingariðnaður

Ríkið á ekki að skapa óþarfar hindranir fyrir fólk í leit að húsnæði. Skattfrjáls ráðstöfun séreignarsparnaðar og helmings afsláttur stimpilgjalda fyrir fyrstu kaupendur voru skref í rétta átt, en gera þarf skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar að varanlegu úrræði og afnema á stimpilgjald alfarið. Þá er endurskoðunar þörf á regluverki og gjöldum í byggingariðnaðinum til að lækka kostnað, t.d. ferli sveitarfélaga við skipulagsákvæðanir, álagningu gatnagerðargjalda og kröfur um fjölda bílastæða. Hækkun fasteignaverðs verður aðeins tempruð með auknu framboði af húsnæði, en þar skiptir miklu máli að lóðum sé útdelt til að auka framboð þeirra og þar með framboð húsnæðis. Varast skal aðgerðir sem snúa að eftirspurnarhliðinni.

Utanríkismál

Utanríkisverslun

SUS telur það forgangsmál að styrkja og efla utanríkisviðskipti Íslands og standa vörð um hagsmuni íslenskra útflutningsgreina. Þrátt fyrir góðan árangur í gerð fríverslunarsamninga er nauðsynlegt að halda ótrauð áfram. Aukinn þunga ætti að leggja í að koma á fríverslunarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna, og algjörri fríverslun með sjávarafurðir inn á EES-svæðið. Brýnt er að fjölga áfram gerð fríverslunarsamninga við ríki utan EES, tvíhliða eða í samvinnu við önnur EFTA ríki.

Brýnt er að tryggja áfram opinn og frjálsan aðgang að innri markaði Evrópusambandsins (ESB) á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og treysta viðskiptasambönd við Bandaríkin og Bretland.

Áframhaldandi hagsmunagæsla innan ramma EES er mikilvæg. Þá þarf að tryggja að tækifæri til áhrifa á öllum stigum mála innan EES verði nýtt til fulls, m.a. með aukinni skilvirkni í samræmi við tillögur sérfræðihópa um framkvæmd EES samningsins.

Mikilvægt er að leita allra leiða til að tryggja framkvæmd EES-samningsins á grundvelli tveggja stöða kerfisins.

Alþjóðleg samvinna

SUS hvetur íslensk stjórnvöld til að stuðla að nánara samstarfi við önnur ríki, sér í lagi við Norðurlöndin, um áhrifaríkar aðgerðir til verndar umhverfis og lífríkis lands og sjávar.

SUS vill að Ísland styðji af einurð friðarviðleitni, eflingu mannréttinda og gagnkvæma afvopnun undir traustu eftirliti. Íslendingum ber að taka áfram virkan þátt í baráttu gegn hungri, sjúkdómum og fátækt í heiminum.

Mikilvægt er að leggja aukna áherslu á að nýta krafta íslensks atvinnulífs í þróunarsamvinnu í takt við breyttar áherslur í alþjóðasamstarfi. Aðalmarkmið skal ætíð vera að bæta hag fátækra þjóða.

Ísland er alþjóðleg fyrirmynd í jafnréttismálum og ber að beita sér áfram á alþjóðavettvangi fyrir jafnrétti kynjanna og gegn allri mismunun á grundvelli kynferðis, kynvitundar, kynhneigðar, stjórnmalaviðhorfa og trúarbragða. Mikilvægt er að áfram sé lögð áhersla á að jafnrétti og mannréttindi setji svip á utanríkisstefnu þjóðarinnar.

Áréttað er að hagsmunir Íslands eru best tryggðir með því að standa utan Evrópusambandsins og umræða um upptöku evru ótímabær.

Öryggis- og varnarmál

Ungir sjálfstæðismenn styðja þjóðaröryggisstefnu Íslands og leggja áherslu á öfluga framkvæmd hennar.

Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna hefur verið trygging fyrir öryggi lands og þjóðar í rúm 70 ár. Reglulegar æfingar þurfa að fara fram til styrktar varnarviðbúnaði í landinu.

Ísland á aðild að samstarfsvettvangi Norðurlanda um varnarmál, NORDEFO. Breytingar á sviði efnahagsmála, stjórn mála og vígvæðingar á norðurslóðum auka gildi þessa samstarfs.

Ísland verður að bregðast við nýjum ógnum við öryggi fjarskipta og upplýsingakerfa. Taka verður mið af þjóðaröryggi við innleiðingu nýrrar fjarskiptatækni, fylgja fordæmi vinveittra

grannríkja og leita eftir nauðsynlegu samstarfi við þau um netöryggi og varnir. Tryggja þarf afnotarétt af upplýsingatækni án þess að skerða friðhelgi einkalífs.

Upplýsingaóreiða og fjármögnun hennar er vaxandi ógn sem brýnt er að fylgst verði grannt með.

SUS telur brýnt að ríki heims virði alla samninga sem fjalla um takmarkanir og bönn við notkun geryðingarvopna. Auk þess þarf að stefna að allsherjar útrýmingu slíkra vopna, undir öruggu eftirliti.

Hagsmunir á Norðurslóðum

Mikilvægi norðurslóða heldur áfram að vaxa eftir því sem loftslag hlýnar, hafís bráðnar og siglingar aukast eftir nýrri norðausturleið. Umhverfi norðurslóða er afar viðkvæmt og verður ætíð að taka tillit til þess við nýtingu auðlinda í sjó og á landi líkt og Norðurskautsráíð hefur gert undir forystu Íslands. Mikilvægt er að efla tengsl, fræðslu og þekkingu á lifnaðarháttum og uppbyggingu landbúnaðar milli íbúa á norðurslóðum. Sérstaklega þegar landsvæði og lifnaðarhættir margra frumbyggjahópa eru í hættu vegna loftslagsbreytinga.

Ungir sjálfstæðismenn telja grundvallaratriði að skipting hafsvæða og auðlindanotkun verði í samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna.

Ísland er ómetanlegur hlekkur í vörnum Vesturlanda og mikilvægi landsins eykst í samræmi við aukna þýðingu norðurslóða og Norður-Atlantshafs. Varnarviðbúnað þarf ætíð að miða við sameiginlegar þarfir Íslendinga og bandamanna þeirra. Lífshagsmunir þjóðarinnar felast í því að hernaðarjafnvægi á norðurslóðum raskist ekki. Ungir sjálfstæðismenn vonast eindregið til að samstarf ríkja á norðurslóðum dafni á öllum sviðum og þar fari fram afvopnun, en ekki vopnakapphlaup, öllum til góðs.